

svo sem styrkleika steinsteypu og máttarviða, hæð undir loft, útbúnað reykháfa, 91 yfirklaðningu, raflagnir o. s. frv. Skal leita staðfestingar stjórnarráðsins á reglugerðinni. 1. apríl

14. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum 50—1000 krónum, er renna í sýslu-sjóð, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögreglumál. Byggingarfulltrúa ber að kæra brot á samþykktinni fyrir lögreglustjóra.

Byggingarsamþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 108 31. des. 1945, um byggingarsamþykktir fyrir sveitir og þorp, sem ekki eru löggiltir verzlunarstaðir, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 1. apríl 1947.

Bjarni Ásgeirsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Kristjáns Helga- 92 sonar“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 28. apríl 1947. 28. apríl
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

Minningarsjóðs Kristjáns Helgasonar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Kristjáns Helgasonar og er stofnaður að honum látnum með frjálsum framlögum ættingja og vina Kristjáns.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er 3800 — þrjú þúsund og átta hundruð — krónur.

3. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands eða í peningastofnun með ríkisábyrgð. Sparisjóðsbækur og verðbréf sjóðsins skal skrá á nafn hans.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja leikmenn Knattspyrnufélagsins Vals eða heimili þeirra, er verða fyrir slysum í knattspyrnukappleik.

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Af vöxtum og öðrum tekjum má árlega verja samkv. 4. gr. $\frac{3}{4}$ hlutum, en $\frac{1}{4}$ skal leggjast við höfuðstól þar til hann er orðinn 10000 kr. Eftir það má verja öllum árstekjum sjóðsins samkv. 4. gr. Heimilt er stjórn sjóðsins að geyma fé það, sem eitthvert ár fellur til ráðstöfunar til ráðstöfunar síðar, ef þannig stendur á að enginn þarfnist styrksins, að dómi stjórnar sjóðsins.

